



## Ágrip

Víða erlendis er í boði umferðarupplýsingaþjónusta sem felst í því að senda umferðarupplýsingar til vegfarenda um bílútlarp, leiðsögutæki og/eða snjallsíma. Svona þjónusta er ekki í boði hér á landi. Nálsgast má upplýsingar um færð og ástand vega á vef Vegagerðarinnar, í textavarpri og talvél auk þess sem umferðarupplýsingum er miðlað til fjölmiðla o.fl. sem koma upplýsingunum á framfæri.

Í skýrslunni er fjallað um tæknilausnir fyrir miðlun upplýsinga til vegfarenda. Einnig er skoðað hvernig þessar lausnir eiga við á Íslandi og fjallað um mögulega innleiðingu þeirra ásamt grófu kostnaðarmati.

Verkefnið hefur um nokkurt skeið verið á verkefnalista þjónustudeildar Vegagerðarinnar og er einnig að finna í stefnumótun deildarinnar til næstu ára.

Áður fyrr var RDS-TA (Traffic Announcement) útbreidd í Evrópu en um þessa tækni er hægt að senda töluð skilaboð í FM-bílútlarp.

Flestar Evrópuþjóðir hafa komið upp nýrra kerfi sem miðlar stafrænum upplýsingum um umferð og ástand vega til vegfarenda um FM-viðtæki (RDS-TMC). Upplýsingunum er einnig miðlað um internetið og standa nú þegar til boða forrit fyrir snjallsíma. TPEG tæknin er einnig að ryðja sér til rúms en í dag byggir hún á miðlun upplýsinga um stafrænt útlarp (TPEG binary). Einnig gerir tæknin ráð fyrir dreifingu um internetið (TPEG ML), en sú lausn er ekki fullkláruð. Stafrænt útlarp er ekki til staðar á Íslandi og í dag er innleiðing þess ekki áætluð. Ekki eru komnar TPEG lausnir fyrir farsíma.

Tilkoma snjallsíma býður upp á ýmsa möguleika og eru þegar komnar snjallsímalausnir fyrir umferðarupplýsingar á markað erlendis.

TISA eru alþjóðleg samtök sem sjá um stöðlun á samskiptum milli umferðarupplýsingakerfa og endabúnaðar, alls staðar þar sem þess háttar þjónustur eru í boði. Nær þetta skipulag til opinberra aðila, bílaframeiðenda, viðtækjaframleiðenda o.fl.

Lagt er til að TMC lausn verði valin fyrir þessa þjónustu hér á landi. Jafnframt er mögulegt að nota RDS-TA fyrir neyðartilfelli til dreifingar um stór landssvæði. Bæði kerfi nýta sér FM útlarpsdreifikerfi. Einnig er hægt að senda TMC upplýsingar um internetið (GSM/3G) og ná þannig til snjallsíma.

Til að innleiða TMC lausnina þarf að setja upp miðlægan búnað frá aðila sem býður lausnir sem standast staðla TISA. Þessi búnaður myndi tengjast eftirlitsbúnaði Vegagerðarinnar og dreifa upplýsingunum á FM dreifikerfinu og/eða internetinu.

Niðurstaðan er að besta og jafnframt öruggasta leiðin er að dreifa upplýsingunum bæði um farsímakerfin (internetið) og FM dreifikerfin.